

Nd.

631. Lög

um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933—35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og vextir séu allt að 1% hærri en venjulegir innlánsvextir Landsbanka Íslands. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.